

Vegagerðin  
B.t. Bergþóra Þorkelsdóttir  
Suðurhrauni 3  
210 Garðabæ

Selfossi 14. febrúar 2025

**Efni: Vá sem stafar af lúpínu og skógarkerfli í malarnámum og dreift er með mól til vegagerðar**

Félagið [Vinir íslenskrar náttúru](#) (VÍN) er samtök vísinda- og fræðafólks, náttúruverndarfólks og fulltrúa helstu náttúruverndarsamtaka landsins. Félagið var formlega stofnað árið 2022. Stofnfélagar voru 41 en nú eru yfir 120 virkir félagar. Tilgangur félagsins er að fjalla um náttúruverndarmál líðandi stundar. Félagið leggur m.a. áherslu á að vernda líffræðilega fjölbreytni og koma í veg fyrir skaðleg áhrif ágengra og framandi tegunda í íslenskri náttúru; neikvæð áhrif þeirra á lífríki, menningarminjar, jarðminjar og ásýnd landsins og mótar tillögur til úrbóta.

Hér á landi þrífast allnokkrar plöntutegundir sem eru ágengar og valda skaða af ýmsum toga. Lúpína frá Alaska og skógarkerfill eru þær sem algengastar eru í þessum flokki og hefur lúpínan dreifst með veldisvexti nánast alls staðar þar sem hún nær að nema land. Það er orðið of seint að uppræta þessar tegundir hér á landi, en brýnt að allir leggist á eitt um að dreifa þeim ekki víðar um landið en orðið er.

Fyrir hönd stjórnar VÍN fer undirritaður þess vinsamlegast á leit við Vegagerðina að stofnunin láti við allra fyrsta tækifæri gróðurkortleggja allar opnar malarnámur sem Vegagerðin og verktakar hennar nota til efnistöku við vegagerð. Reynslan sýnir að þar sem nokkrar plöntur af lúpínu og skógarkerfli hafa numið land, t.d. í malarnámum, er urmull af fræjum sem geta lifað í jörðu í mörg ár. Núningur malarefnis við fræskel lúpínufræja, t.d. við flutning efnis til vegagerðar, flýtir bara fyrir spírur þeirra. Það er ekki nóg að fjarlægja einstakar lúpínuplöntur úr malarnámum, því eftir situr mikill fræforði eins og áður er nefnt. Það verður því að loka öllum malarnámum þar sem lúpína fyrirfinnst, jafna og græða upp námurnar.

Við fögnum þeim miklu framkvæmdum sem framundan eru við vegagerð, t.d. við endurgerð og nýbyggingu brúa. Þar eins og annars staðar er gríðarlega þýðingarmikið að ekki sé verið að flytja og dreifa fræi af ágengum plöntutegundum á svæði þar sem þær eru ekki til staðar.

Virðingarfyllst,  
f.h. stjórnar VÍN



Sveinn Runólfsson, formaður.

Vinir íslenskrar náttúru

c/o Sveinn Runólfsson  
Tröllhólum 39  
800 Selfossi  
[sveinnrun@gmail.com](mailto:sveinnrun@gmail.com)